

Reglur fyrir félagslega skoðunarmenn FHSS

16. febrúar 2012

(byggðar á lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum og lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.)

Félagskjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikninginn í samræmi við góða bókhaldsvenjur og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.

Félagskjörnir skoðunarmenn skulu verða við tilmælum félagsfundar um endurskoðunina ef þau eru ekki andstæð lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju.

Ábendingar og athugasemdir sem félagskjörnir skoðunarmenn vilja koma á framfæri við stjórn skal færa fram skriflega.

Félagskjörnir skoðunarmenn skulu skila greinargerð um ársreikninginn og skal greinargerðin fylgja ársreikningnum.



Í greinargerðinni skal koma fram að ársreikningurinn hafi verið yfirfarinn af félagskjörnum skoðunarmönnum. Þá skal koma fram álit félagskjörinna skoðunarmanna á því hvort starfsemi félagsins sé í samræmi við lög félagsins. Ef félagskjörnir skoðunarmenn telja að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef talið er að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal vekja athygli á því í greinargerðinni.

Ef félagskjörnir skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.

Á aðalfundi skulu skoðunarmenn svara fyrirspurnum um ársreikning þann sem til umfjöllunar er og þeir hafa áritað.

Ef félagskjörnir skoðunarmenn verða þess varir að stjórnendur félags hafi í störfum sínum fyrir það ekki farið að lögum, þannig að það geti haft í för með sér ábyrgð fyrir þá eða félagið, eða brotið gegn lögum Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins skulu þeir gera aðalfundi grein fyrir því.

Skoðunarmönnum er óheimilt að veita einstökum félagsmönnum eða óviðkomandi aðilum upplýsingar um einstaka bókhaldsliði félagsins að öðru leyti en greinir í reglum þessum.


Gunnar A. Ólafsson

Hanne Dóra Madsdóttir